

Ársrit
Héraðsskjalasafns Kópavogs
2006-2007

Kópavogi 2008

Héraðsskjalasafn Kópavogs 2007

Greinargerð fyrir starfsemi þess

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

Haldnir voru 6 stjórnarfundir árið 2007. Urðu húsnæðismál og öryggismál safnsins ofarlega á baugi í umræðum stjórnar og lagði héraðsskjalavörður fram skýrslu um húsnæðismál stofnunarinnar sem sýndi fram á brýna þörf á úrbótum.

Árið 2007 skipuðu stjórn skjalasafnsins:

Hilmar Björgvinsson forstjóri og hdl., formaður.

Hrafnhildur Hjaltadóttir háskólanemi.

Bjarni Ólafsson cand. mag. og menntaskólakennari.

Varamenn:

Svana Svanþórsdóttir bankastarfsmaður.

Hjörtur Pálsson cand. mag. og rithöfundur.

Svandís Skúladóttir deildarstjóri.

Ástand safnsins og ytri aðbúnaður

Um mitt árið flutti Héraðsskjalasafnið inn birgðir af skjalaöskjum frá Þýskalandi sem áætlað er að dugi í 2-3 ár undir skjöl sem frágengin verða í Héraðsskjalasafninu og víðar í Kópavogi. Þær eru úr sýrulausum alfasellúlósa í fimm stærðum sem sniðnar voru eftir innanmálum sænskra skjalaaskja sem áður voru í notkun. Þær þóttu ekki nægilega sterkar og því óhentugar til flutninga. Öskjurnar voru valdar að vandlega athuguðu máli. Sænska Ríkisskjalasafnið hefur tekið upp öskjur úr sama efni frá sama framleiðanda. Keyptur var brunaheldur öryggisskápur 800 kíló að þyngd sem hýstur er í Náttúrufræðistofu Kópavogs fyrst um sinn, fyrir velvilja Hilmar Malmquists forstöðumanns en burðarþol húsnæðis Héraðsskjalasafnsins þolir ekki skápinn. Aðfangabók Héraðsskjalasafns Kópavogs var prentuð á endingargóðan pappír (svokallaðan

þúsundarápappír sem framleiddur er skv. staðlinum ISO 11108) og innbundin í geitarskinn af Per-Anders Hübner bókbindara í Svíþjóð skv. fyrirætlum héraðsskjalavardar og að höfðu samráði við Þjóðskjalavörð um formið. Bókin á eftir að endast Héraðsskjalasafninu í áratugi. Enn ljósara varð en áður á árinu 2007 að ekki líður á löngu þar til geymslurými Héraðsskjalasafnsins verður gersamlega á þrotum.

Rekstraryfirlit ársins 2007

Héraðsskjalasafn Kópavogs er fjármagnað af Kópavogsbæ.

Framlag til Héraðsskjalasafns Kópavogs frá Þjóðskjalasafni Íslands af fjárlögum 2006 að upphæð 800.000 kr. var greitt í árslok 2006.¹

<i>2007</i>	<i>Útgjöld</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Mismunur</i>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	10.951.584 kr.	14.101.000 kr.	3.149.416 kr.
<i>Vörukaup</i>	3.590.472 kr.	4.347.000 kr.	756.528 kr.
<i>Húsaleiga</i>	4.734.417 kr.	4.646.000 kr.	-88.417 kr.
<i>Þjónustukaup</i>	1.009.867 kr.	1.661.000 kr.	651.133 kr.
<i>Alls</i>	20.286.340 kr.	24.755.000 kr.	4.468.660 kr.

Áætlun er endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna ársins 2007.

Laun og launatengd gjöld ná til allra starfsmanna og stjórnar og kostnaðar við kaffiveitingar.

Vörukaup ná m.a. til ritfanga og efnis til frágangs skjalasafna, bóka, tímarita, rafmagns, hita og kaupa á búnaði.

Húsaleiga er fyrir 3. hæð húsnæðisins að Hamraborg 1.

Þjónustukaup ná m.a. til síma, bifreiðaaaksturs, öryggiskerfa, viðgerða, póstburðargjalda, félagsgjalda, námskeiðsgjalda, auglýsinga og tölvukostnaðar.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Kópavogs árið 2007

Hluti af skyldum Héraðsskjalasafns Kópavogs er að safna afritum skjala er varða sögu Kópavogs sem finna má í öðrum stofnunum eða annars staðar og verða ekki fengin í frumriti til skjalasafnsins. Slík afrit leggjast við skjalasafn Héraðsskjalasafnsins og eru ekki færð í afhendingarskrá þess þar sem ekki er um venjulegar skjalaafhendingar að ræða heldur söfnun afrita af hálfu Héraðsskjalasafnsins. Tvisvar árið 2007 var afrita af þessu tagi aflað. 19. júní lánaði Hannes Benediktsson byggingameistari Héraðsskjalasafninu 10 ljósmyndir af framkvæmdum við Kópavogskirkju til afritunar, en fyrir voru 16

¹ Sbr. 2. sundurliðun laga nr. 152/2005, lið 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur 1.11. Héraðsskjalasöfn 12,9 milljónir. Um fjárframlagið sjá nmgr. við rekstraryfirlit ársins 2006.

líkar ljósmyndir í vörslu stofnunarinnar. 25. júní bárust svo ljósrit af skjölum um Kópavogskirkju úr skjalasafni Húsameistara ríkisins sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafninu.

Nokkur áhrif hafði á afhendingar skjala til Héraðsskjalasafns Kópavogs að ákveðið var að Félagsheimili Kópavogs yrði lagt niður. Rótarýklúbbur Kópavogs hafði átt samastað í Félagsheimilinu um árabil og hafði varðveitt skjöl sín þar. Einnig voru skjöl í kringum rekstur Félagsheimilisins sem Anna Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri afhenti. Loks þurfti Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður að rýma geymslu fyrir húsgögnum úr Félagsheimilinu og afhenti hann því nokkuð af skjölum sem hann hafði tekið til varðveislu.

Fremst er afhendingarnúmer sem er kennitala skjala innan safnsins sett á þau strax við afhendingu. Því næst er heiti skjalasafns, nafn þess sem afhenti, dagsetning afhendingar, nánari lýsing á því sem afhent var og frá hvaða tíma það er. Næst fylgir umfang afhendingar í hillumetrum og í sviga aftast er þess getið hvort skjölin hafa verið skráð nánar og hver það gerði.

1/2007 Skipulagsstjóri Kópavogs. Smári Smárason skipulagsstjóri afhenti 10. janúar. Ýmsar teikningar o.fl. Afhendingin er 0,08 hillumetrar.

2/2007 Salurinn, tónlistarhús Kópavogs. Vigdís Eyradóttir forstöðumaður Salarins afhenti 11. janúar. Prentaðar tónleikaskrár ágúst til desember 2006. Afhendingin er 0,01 hillumetrar.

3/2007 Fræðslu- og menningarsvið Kópavogsbæjar. Björn Þorsteinsson sviðsstjóri tómstunda- og menningarsviðs Kópavogsbæjar afhenti 31. janúar. Fundargerðabók ýmissa starfshópa. Afhendingin er 0,01 hillumetrar. (Skráð).

4/2007 Vinnuskóli Kópavogs. Sigurður Grétar Ólafsson, forstöðumaður Vinnuskóla Kópavogs afhenti 31. janúar. Skýrsla um starfsemi Vinnuskóla Kópavogs árið 2006, tvö eintök. Afhendingin er 0,01 hillumetrar. (Skráð).

5/2007 Rótarýklúbbur Kópavogs. Þórir Ólafsson, forseti Rótarýklúbbs Kópavogs afhenti 22. apríl. Fundargerðabækur og önnur skjöl, 40 bréfabindi og 5 lausblaðamöppur. Afhendingin er 7 hillumetrar. (Skráð af Kristínu Stellu Lorange).

6/2007 Þórunn Kolfinna Ólafsdóttir. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Tvö myndaalbúm með ljósmyndum, blá plastmappa, brandgul pappamappa, margar ljósmyndir. Skjölin eru frá árunum 1927-1988 en ljósmyndirnar virðast margar vera eldri. Afhendingin er 0,235 hillumetrar. Sjá afh. nr. 5/2006 af sama uppruna. (Skráð).

7/2007 Hulda Finnbogadóttir. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Skjöl frá Finnboga Rúti Valdemarssyni, Huldu Jakobsdóttur og Huldu Finnbogadóttur. M.a. tvær skissur eftir Gerði Helgadóttur. Afhendingin er 1 hillumetri. (Skráð).

- 8/2007 Leikfélag Kópavogs.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Veggspjald í ramma (Óvæntur gestur). Leikmunir (öskubakki og barnabiblía) úr uppfærslunni Maður og kona. Sérprentuð kvittunarhefti vegna Styrktar- og byggingarsjóðs Leikfélags Kópavogs. Afhendingin er 0,1 hillumetri. (Skráð).
- 9/2007 Ættfræðisafn Guðmundar Guðna Guðmundssonar.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Fimm úrklippubækur. Afhendingin er 0,17 hillumetrar.
- 10/2007 Guðmundur Gíslason.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Ljósmyndir, að mestu af starfsemi Leikfélags Kópavogs. Afhendingin er 0,055 hillumetrar.
- 11/2007 Strætisvagnar Kópavogs.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Flagg með elsta merki Strætisvagna Kópavogs. Afhendingin er 0,01 hillumetrar.
- 12/2007 Bókasafn Kópavogs.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Nokkrar ljósmyndir sem voru á sýningu sem haldin var í Bókasafni Kópavogs árið 1997. Afhendingin er 0,05 hillumetrar.
- 13/2007 Leik- og fündurskólinn Kópavogsbraut 4.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Ljósmyndir sem teknar voru í skólanum (um 1950-1960) og á ferðum sem þaðan voru farnar. Afhendingin er 0,03 hillumetrar. Tengd afhending er nr. 16/2005.
- 14/2007 Andrés Kristjánsson.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Nokkrar ljósmyndir. Afhendingin er 0,03 hillumetrar.
- 15/2007 Bygging félagsheimilis í Kópavogi.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Stúlábók með yfirliti yfir sjálfboðavinnu í þágu byggingar Félagsheimilis Kópavogs. Afhendingin er 0,03 hillumetrar.
- 16/2007 Lestrarfélag Kópavogs/Bókasafn Kópavogs.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Stofnfundargerð Lestrarfélags Kópavogs (í blárrí stúlábók). Afhendingin er 0,03 hillumetrar.
- 17/2007 Ólafur Ólafsson læknir.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Fimm öskjur merktar Ólafi Ólafssyni og einn pappakassi með læknisfræðitengdu efni frá honum, auk 1 öskju með ljósmyndum. Var við afhendingu umpakkað í 11 öskjur. Afhendingin er 0,8 hillumetrar.
- 18/2007 Sveinn Arnleif Sæmundsson blikksmiður.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Meistarabréf Sveins (í blikksmíði) 1950 og konu hans Ingibjargar Guðrúnar Kristjánsdóttur (í kvennaklæðskurði og kjólasaum) frá 1944. Rótaryheiðurskjal með

heiðurspening. Heiðursmerki iðnaðarmanna. Gúmmístimpill með eiginhandarundirskrift Sveins. Afhendingin er 0,07 hillumetrar. (Skráð).

19/2007 Mótmæli vegna fyrirhugaðrar kirkjubyggingar á Víghól. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Fjögur veggspjöld um Víghól, eitt þeirra með útsýni frá hólnum. Afhendingin er 0,055 hillumetrar.

20/2007 Úrklippusafn um skákeinvígi. Óþekktur uppruni. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Úrklippusafn um skákeinvígi Fischers og Spasskys árið 1972. Afhendingin er 0,07 hillumetrar.

21/2007 Einkaskjöl af óþekktum uppruna. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 24. apríl. Jólakort frá Betu á Neðri-Hól 17. desember 1966 til Rönku. Kvikmyndaskrá (bíóprógramm) „Leikur dauðans“. Bókmerki frá Kársnesskóla í tilefni 25 ára afmælis 22. febrúar 1982. Kynningarbæklingur frá Kvennasögusafni Íslands. Afrit skjala A-Æ í hæstaréttarmáli nr. 150/1958. Fylgdu afhendingum 6-20/2007. Afhendingin er 0,055 hillumetrar.

22/2007 Ingvar Agnarsson. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 2. maí. Átta stílabækur úr húsi Ingvars Agnarssonar við Hábraut (síðar Hamraborg). Afhendingin er 0,06 hillumetrar.

23/2007 Kópavogsbær. Björn Þorsteinsson sviðsstjóri tómtunda- og menningarsviðs afhenti 30. janúar. Barmnælur með merki Kópavogsbæjar sem Hjördís Þorleifsdóttir handavinnukennari hafði fengið fyrir mörgum árum til að deila út en voru umfram. Hún afhenti Birni þær til baka í apríl 2007. Afhendingin er 0,01 hillumetrar.

24/2007 Erlingur Hansson. Erlingur Hansson afhenti 30. janúar. Reglur, samþykktir, lög og ársreikningar frá 1. Fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. 2. Baldri, málfundafélagi sjálfstæðismanna í launþegastétt í Kópavogi. 3. Hlutafélaginu Þorra 4. Kjördæmisráði Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi. 5. Hlutafélaginu Álfhólsvegi 5. Afhendingin er 0,01 hillumetrar.

25/2007 Fífuhvammur 9. Helga Rakel Guðrúnardóttir eigandi hússins afhenti 13. júlí. Um var að ræða skjöl er fundust í húsinu við niðurrif veggis, úr eigu fjölskyldunnar er bjó í húsinu, ljósmyndir, heillaóskakort og einkunnabækur. Afhendingin er 0,055 hillumetrar. (Skráð).

26/2007 Félagsheimili Kópavogs. Anna Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Félagsheimilisins afhenti 24. júlí. Afhendingin er 1 hillumetri.

27/2007 Félagsheimili Kópavogs – sovéskar kvikmyndir. Tveir stampar: Stampur A: 1. *Persej*, ein filma. 2. *Cheburashka*, (brúðumynd) tvær filmur. Stampur B: 1. *Græni krókóðillinn minn*, ein filma. 2. *Með höndum skurðlæknis*, tvær filmur. 3. *Bolshaja regata malenkik lodok* (Hin mikla kappsigling hinna litlu báta),

tvær filmur. 4. *Nú, þogodí!* (Hæ, dokaðu við!), ein filma.² Anna Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri afhenti 2. ágúst. Afhendingin er 0,5 hillumetrar.

28/2007 Salurinn, tónlistarhús Kópavogs. Vigdís Esmadóttir forstöðumaður Salarins afhenti 14. ágúst. Prentaðar tónleikaskrár janúar til maí 2007. Afhendingin er 0,01 hillumetrar.

29/2007 Kvenfélag Kópavogs. Helga Skúladóttir afhenti 28. ágúst. Fundarboð á stofnfund félagsins, sem haldinn var 29. október 1950. Afhendingin er 0,01 hillumetrar. (Skráð).

30/2007 Bókasafn Kópavogs. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 21. september. Ársskýrslur bókasafnsins 1989-2001 (1 askja). Vinnugögn varðandi *Minningabók Kópavogsbúa* er út kom 16. maí 2007 (1 askja). Ýmislegt úr sögu og varðandi sögu Bókasafns Kópavogs (1 askja). Afhendingin er 0,25 hillumetrar.

31/2007 Sigurbjartur Jóhannesson byggingafræðingur. Sigurbjartur Jóhannesson afhenti 11. október. Skjöl er varða einkum störf hans við teiknistofuna Tækniform sf., hjá Kópavogsbæ, Framkvæmdastofnun ríkisins og Iðnskólann í Reykjavík. Afhendingin er 10 hillumetrar.

32/2007 Félagspjónusta Kópavogs. Atli Sturluson afhenti 25. október. Barnaverndarmál og fjárhagsaðstoðarmál 24 öskjur. Öskjurnar bera auðkennin A39, A55, A70, og A237-A257. Afhendingin er 2 hillumetrar. (Skráð af starfsmönnum Félagspjónustunnar).

33/2007 Kvenfélag Kópavogs. Elísabet Magnúsdóttir, formaður félagsins, afhenti 1. nóvember. Fundargerðabækur 1950-1999. Bókhaldsskjöl 1950-2004. Samkomuskrár 1950-1992. Basarbækur 1964-2001. Eigin útgáfa félagsins 1970-2003. Ljósmyndir 1967-1983. Afhendingin er 2,2 hillumetrar. (Skráð).

34/2007 Árhátíð starfsmanna Kópavogsbæjar 2007. Linda Udengård afhenti 21. febrúar. Afhendingin er 0,01 hillumetri.

35/2007 Kvenfélagasamband Kópavogs. Birna Árnadóttir afhenti 7. nóvember. Skjöl sem fundust í húsnaði Mæðrastyrksnefndar Kópavogs. Afhendingin er 0,35 hillumetrar.

Aðföng bókasafns Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2007

Rit um skjalfraeði og skjalavörslu

Amblic, Svein. *Elektronisk dokumentbehandling*. Oslo 2001

Arkivforeningens bestyrelse. (Hansen, Else. Strandsbjerg, Niels. Larsen, Christian. Mohr, Helga. Qwist Nielsen, Lise. Petersen, Lars Martin. Østergaard, Charlotte. Bloch, Elisabeth. Lundø, Sten.) (red.) *At vogte kulturarven eller at slette alle spor. Om arbejdet med den danske bevaringsstrategi*. Bind 2. København 2006.

² Páli Sigurðssyni skógfræðinema við Ríkisháskólann í Arkangelsk er þökkuð aðstoð við skráningu á þessum kvikmyndum.

- Bloch, Elisabeth. Larsen, Christian (red.). *At vogte kulturarven eller at slette alle spor. Om arbejdet med den danske bevaringsstrategi*. København 2006.
- Janzon, Bode. Rydén, Reine (red.). *Historiebruk i Norden. Föredrag vid Nordiska Arkivdagarna i Uppsala 2006*. Arkivvetenskapliga studier 8. Uppsala 2007.
- Lange, Vilhelm. Mangset, Dag. Ødegaard, Øyvind. *Privatarkiver. Bevaring og tilgjengeliggjøring*. Riksarkivaren, skriftserie 11. Oslo 2001.
- Sigmar Þormar. *Inngangur að stjórnun*. Kópavogi 2007.
- Thorsen, Alf. *Arkivplan. En veileder*. Oslo 2000.
- Thorsen, Alf. *K-koder. Veiledning og oppgaver*. Oslo 2002.
- Wilsted, Thomas P. *Planning New and Remodeled Archival Facilities*. Chicago 2007.
- Sögu- og sagnfræðirit**
- Anna Hedvig Þorsteinsdóttir. Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi*. Kópavogi 1996. Gjölf frá Rótarýklúbbi Kópavogs 22. apríl 2007.
- Björn Bjarnarson. Georg Ólafsson. Ólafur Lárusson. Þórbergur Þórðarson. *Ritgerðir*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. II,3. (B.B. Kjósarsýsla. G.Ó. Arnarhólsland. G.Ó. Fyrirætlanir Andrew Mitchels um Grafarvog. Ó.L. Framætt Ingólfs. Þ.Þ. Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðara helmingi 19. aldar). Reykjavík 1938.
- Finnur Jónsson. Ólafur Lárusson. Björn Bjarnarson. *Ritgerðir*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. II,2. (F.J. Laugarnes og Engey. Ó.L. Árland. B.B. Kjósarsýsla). Reykjavík 1937.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. Svavar Sigmundsson (útg.). *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855*. Ný útgáfa. Sögufélag 2007.
- Guðni Jónsson (útg.). *Sýslulýsingar og sóknalýsingar*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. III,1-3. Reykjavík 1937-1939.
- Guðni Jónsson. Ólafur Lárusson. Finnur Jónsson. *Ritgerðir*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. II,1. (G.J. Landnám Ingólfs. Ó.L. Hversu Seltjarnarnes byggðist. F.J. Laugarnes og Engey). Reykjavík 1936.
- Guttormur Sigurbjörnsson. Guðmundur Arason. Jón Hjartar. Páll Bjarnason. Þorvarður Árnason. (ritstj.) *Rótarýklúbbur Kópavogs 30 ára. 1961-6. febrúar -1991*. Kópavogi 1991. Gjölf frá Rótarýklúbbi Kópavogs 22. apríl 2007.
- Heimir Þorleifsson. *Seltirningabók*. Seltjarnarnesi 1991.
- Hrafn Andrés Harðarson. Inga Kristjánsdóttir. (ritstj.) *Minningabók Kópavogsbúa*. Kópavogi 2007. Gjölf frá Bókasafni Kópavogs 16. maí 2007.
- Jón Þorkelsson. *Skjöl um hylling Íslendinga 1649 við Friðrik konung þriðja með viðbæti um Kópavogssærin 1662*. Sögurit XII. Reykjavík 1914.
- Nørr, Erik. Thomasen, Jesper (red.). *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færoerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Kilder til dansk forvaltningshistorie V. København 2007. Gjölf frá Þjóðskjalasafni Íslands með bréfi dags. 27. apríl 2007.

Skúli Magnússon. *Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfögeta*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. I,1 og I,2. Reykjavík 1935 og 1936.

Þórbergur Þórðarson. *Ritgerðir*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. II,4. (Þ.Þ. Lífnaðarhættir í Reykjavík á síðara helmingi 19. aldar). Reykjavík 1939.

Handbækur

Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. 1.-5. Reykjavík 1948-1952. Gjöf frá Bókasafni Kópavogs 14. desember 2007.

Jón Guðnason. *Íslenskar æviskrár frá landsnámstímum til ársloka 1965*. 6. Reykjavík 1976.

Tímarit og blöð

Fengið sérstaklega:

Archivum. Revue internationale des Archives publiée sous les auspices de l'UNESCO et du Conseil International des Archives. Vol I-XIII. Paris 1951-1963.

Kópavogsblaðið. 1. árgangur 1.-2. tbl. 2005. Gjöf frá Geir A. Guðsteinssyni ritstjóra, 26. október 2007

Vogar. Blað Sjálfstæðismanna í Kópavogi. Gjöf frá Erlingi Hanssyni, 21. febrúar 2007.

Berst reglulega:

Árnesingur.

Flash frá Alþjóða skjalaráðinu, International Council on Archives (ICA).

Kópavogsblaðið.

Kópavogspósturinn.

Nordisk Arkivnyt.

Saga. Tímarit Sögufélags.

Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.

Sveitarstjórnarmál.

Starfsmenn og störf

Starfsmenn árið 2007 voru tveir með ótímabundna ráðningu, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Kristín Þorgeirsdóttir skjalavörður og ljósmyndari. Vegna fæðingarorlofs var Hrafn í 50% starfshlutfalli frá júní til nóvember en aðra mánuði ársins í fullu starfi. Kristín var að eigin ósk í 60% starfshlutfalli í júlí og ágúst og 25% starfshlutfalli frá september og út árið. Auk þess var Gunnar Marel Hinriksson tímabundið ráðinn sem skjalaskrárritari í 25% hlutfalli janúar til mars og 50% hlutfalli í apríl til maí. Hann var tímabundið ráðinn sem skjalavörður í fullu starfi í júní-ágúst og 25% starfshlutfalli september til nóvember og í fullu starfi í desember.

Í janúar 2007 hófst samstarf *Kópavogsblaðsins* og Héraðsskjalasafns Kópavogs um birtingu á ljósmyndum í fórum safnsins til þess að leita upplýsinga um þær og hefur að jafnaði birst ein mynd í hverju blaði undir yfyrskriftinni „Hverjir?

Hvenær? Hvar?“ og átti Geir A. Guðsteinsson ritstjóri blaðsins frumkvæði að þessu.

Hinn 30. janúar 2007 hélt héraðsskjalavörður fræðsluerindið „Nokkur meginatriði um bréfalykla“ á fundi um skjalaflokkunarkerfi í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Fundurinn var á vegum Þjóðskjalasafns Íslands, Borgarskjalasafns Reykjavíkur, Félags um skjalastjórn og Lykils, félags skjalastjóra hjá sveitarfélögum.

Sama dag fór fram fundur héraðsskjalavarða í Borgarskjalasafni. Var þar borið undir fundinn bréf þjóðskjalavarðar um tilnefningu fulltrúa í nefnd um endurskoðun handbókar um skjalavörslu sveitarfélaga. Var héraðsskjalavörður Kópavogs tilnefndur af fundinum og í framhaldi af því skipaður í nefndina af þjóðskjalaverði. Nefndin hélt átta fundi frá 14. mars til 18. september, en vegna anna sagði héraðsskjalavörður sig úr nefndinni í byrjun desember.

Hinn 17. apríl 2007 var héraðsskjalavörður boðaður á deildarstjórafund hjá Félagsþjónustu Kópavogs þar sem hann hélt fræðsluerindi um skjalavörslu.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri Kópavogs setti Kópavogsdaga 2007 hinn 5. maí í Smáralind og var þar opnuð ljósmyndasýningin „Frá háaloftinu“ með ljósmyndum af börnum frá 1950-1970 úr forum Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Á Kópavogsdögum hinn 6. maí var opnuð sýningin „Hver er ég?“ þar sem voru sýndar óskráðar ljósmyndir af börnum og ungmennum í Kópavogi í eigu Héraðsskjalasafns Kópavogs. Gestir sýningarinnar voru beðnir um aðstoð við að upplýsa hver tók myndirnar, hvaða ár þær voru teknar og hverjir væru á myndunum en lítill árangur varð af því. Kristín Þorgeirsdóttir hafði veg og vanda af báðum þessum sýningum Héraðsskjalasafnsins á Kópavogsdögum.

Hinn 16. maí 2007, ávarpaði héraðsskjalavörður hátúðarsamkomu vegna útgáfu *Minningabókar Kópavogsbúa* sem Hrafn Andrés Hardarson og Inga Kristjánsdóttir ritstýrðu og Bókasafn Kópavogs gaf út.

Norrænn skjaladagur (Arkivernes dag) var haldinn af skjalasöfnum á Norðurlöndum 10. nóvember 2007. Að þessu sinni var sameiginlegt umfjöllunarefni fyrir öll Norðurlöndin, maðurinn í skjalasöfnunum (mennesket i arkivet) og var yfirskrift dagsins á Íslandi „Mannlíf í skjölum“. Að tillögu héraðsskjalavarðar Kópavogs voru birtar skrár yfir einkaskjalasöfn í héraðsskjalasöfnum og Þjóðskjalasafni í tilefni af skjaladeginum, að vísu á vef skjaladagsins, sem haldið er úti af Þjóðskjalasafni Íslands, en ekki á prenti eins og lagt var til. Ekki voru tók á að birta slíkar skrár af hálfu Héraðsskjalasafns Kópavogs en safnið tók ekki mjög virkan þátt í deginum, þó birtist á vef skjaladagsins lítið yfirlit um einkaskjalasöfn í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs þótt ófullkomið væri. Kristín Þorgeirsdóttir sat í undirbúningsnefnd skjaladagsins fyrir hönd Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Héraðsskjalavörður sótti fund héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands í húsnæði Þjóðskjalasafnsins 22.-23. nóvember 2007.

Héraðsskjalavörður sótti ráðstefnu um einkaskjalasöfn, Nordiskt privatarkivseminarium, sem haldið var af Ríkisskjalasafni Finnlands í Helsingfors 26.-28. nóvember 2007. Þetta er liður í samstarfi Þjóð- og ríkisskjalasafna á Norðurlöndunum sem hófst með ráðstefnu árið 2001 í Osló í Noregi. Markmið þess er að skiptast á hugmyndum og skoðunum um vörslu einkaskjalasafna og gera samanburð á meðferð einkaskjalasafna í skjalavörslustofnunum á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni í Finnlandi var farið yfir stöðu einkaskjalasafna hjá skjalavörslustofnunum á Norðurlöndum, fjallað um vörsluvandamál sem skapast af rafrænum gögnum í einkaskjalasöfnum og aðfangastefnu um einkaskjalasöfn hjá skjalavörslustofnunum.³ Aðrir fulltrúar frá Íslandi voru Njörður Sigurðsson og Unnur Birna Karlsdóttir frá Þjóðskjalasafni Íslands og Guðjón Indriðason frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Héraðsskjalavörður hélt erindi um sögu og stöðu varðveislumála einkaskjalasafna á Íslandi. Einkaskjalasafnadeild Ríkisskjalasafns Finnlands hefur gefið erindi ráðstefnunnar út á prenti.⁴

Í tilefni af því að 50 ár voru liðin frá því að Hulda Jakobsdóttir var kjörin bæjarstjóri Kópavogs 4. júní 1957, fyrst kvenna, var haldin sýning á skjölum og myndum í Bókasafni Kópavogs. Að sýningunni stóðu jafnréttisnefnd Kópavogs og afkomendur Huldu. Þar voru til sýnis munir og skjöl úr eigu afkomenda Huldu og skjöl sem varðveitt eru á Héraðsskjalasafni Kópavogs úr þeirra forúm. Sýningin var opnuð við afhendingu jafnréttisviðurkenningar Kópavogs hinn 4. júlí 2007 kl. 17. Athöfnin var sett af Unu Maríu Óskarsdóttur formanni jafnréttisnefndar. Hansína Ásta Björgvinsdóttir fyrrverandi bæjarstjóri hélt ávarp. Hulda Dóra Styrmsdóttir dótturdóttir Huldu Jakobsdóttur flutti erindið „Amma sem fyrirmynd“.⁵ Héraðsskjalavörður flutti erindið „Minni Kópavogs“. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri opnaði sýninguna og að því loknu flutti ungt fólk í skapandi sumarstörfum Íþrótt- og tómstundaráðs Kópavogs tónlist. Jafnréttisverðlaunin voru loks afhent útibúi Landsbanka Íslands í Smáralind. Athöfninni stýrði Kristín Ólafsdóttir jafnréttisráðgjafi. Sýningin stóð fram í september 2007. Þau Kristín Þorgeirsdóttir og Gunnar Marel Hinriksson starfsmenn Héraðsskjalasafnsins aðstoðuðu við undirbúning sýningarinnar.

Í september 2007 kom Marteinn Sverrisson deildarstjóri tölvudeildar Kópavogsbæjar að máli við héraðsskjalavörð vegna ljósmynda á stafrænu formi. Áhyggjur voru nokkrar vegna kostnaðar við varðveislu þeirra. Af þessu tilefni hélt héraðsskjalavörður fræðsluerindi á fundi leikskólustjóra í Kópavogi 11. september 2007 um ljósmyndir sem opinber skjöl.⁶

³ Sjá nánar: Pertti Hakala. „Nordiskt privatarkivseminarium i Helsingfors.“ *Nordisk arkivnyt*, I, 2008. bls. 37-40.

⁴ „*Enskilt eller privat - elektroniskt eller manuellt?*“ *Rapport från nordiskt privatarkivseminarium Helsingfors 26.-28. november 2007*. Red. Kenth Sjöblom & Marja Pohjola. Helsingfors 2008.

⁵ Erindið var gefið út lítið breytt á prenti: Hulda Dóra Styrmsdóttir. „Fyrsta bæjarstýran: Amma Hulda“. *Herðubreið* 1. tbl. 1. árg., ágúst 2007, bls.75-78.

⁶ Samantekt á fræðsluerindinu er birt á bls. 444-446 í þessu riti.

Gestir Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2007 voru 54 og afgreiddar fyrirspurnir þar að auki um 20.

Skjalasöfn sem lokið var við að skrá árið 2007

Afh. 7/2006. Guðríður Soffía Sigurðardóttir. Skrá tilbúin 25. júlí 2007. K.Þ. og G.M.H.

Afh. 15/2006. Curiosa, ýmis skjöl úr fórum Bókasafns Kópavogs. Skrá tilbúin 30. apríl 2007. H.S.

Afh. 6/2007 Þórunn Kolfinna Ólafsdóttir. Skrá tilbúin 21. maí 2007. H.S.

G.M.H. er Gunnar Marel Hinriksson.

H.S. er Hrafn Sveinbjarnarson.

K.Þ. er Kristín Þorgeirsdóttir.

Hrafn Sveinbjarnarson